





Reykjavík, 13. febrúar 2025
USK25010054/ VA

Skipasund 66 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / endurgera svalor

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. janúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Ólafssonar, dags. 7. janúar 2025, um að endurnýja og stækka svalor risibúðar hússins á lóð nr. 66 við Skipasund. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er fyrirspurnin nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Gildandi deiliskipulag



Samþykktar byggingarnefndateikningar af risibúð hússins.

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin íbúðarsvæði, Sund.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulag fyrir Sundin, samþykkt í borgarráði 10.nóvember 2005, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að rífa niður svalor í risi og setja nýjar svalor sem yrðu örllítið stærri. Svalirnar yrðu 70 cm lengri á báða enda og 30 cm dýpri.

Í gildandi deiliskipulagi er svo hjómandi um svalor: “ B-rými skulu vera innan byggingarreits, nema svalor neðri hæða húsa, en svalor og útistigar mega ná útfyrir byggingarreit, þó ekki nær lóðarmörkum en 2,5 metra.“

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að stækka og dýpka svalor líkt og óskað er eftir. Svalor mega ekki vera nær lóðarmörkum en 2,5 m.

Mikilvægt er að nýju svalorinnar á húsinu taki mið af byggingarstíl hússins og að haldið sé í upphafleg sérkenni hússins.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við stækkun svara, mikilvægt er að breytingarnar séu í takt við núverandi útlit hússins.
- Sækja þarf um byggingarleyfi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur



Reykjavík